

3.

FLEIRI SPINNA NÚ ÖRLAGABRÆÐI ÍSLENDINGA
EN ÞEIR EINIR.

Íslendingar sem aðrir eiga nú mikið undir því, að rætast megi hinar háleitu hugsjónir Sameinuðu þjóðanna. Á sigri þeirra hugsjóna veltur heill allra þjóða, en þó ef til vill mest hinna minnstu.

Það má því segja, að fleiri spinni nú örlagabæði Íslendinga en þeir einir. Í því er raunar ekkert nýtt. Svo hefir jafnan verið, eins og saga þjóðarinnar sýnir. En nú hefir sú mikilvæga breyting orðið á högum okkar, að Íslendingum hefir nú í fyrsta skiti gefist kostur á að vera þar viðstaddir, sem örlög þeirra og annarra þjóða eru ráðin, og að taka þátt í þeim ráðagerðum.

Það er því Íslendingum mikið gleðiefni að hafa verið teknir í tölu Sameinuðu þjóðanna. Og enda þótt við getum ekki vænt að ráða þar miklu, þá hafa þó af þessu vaknað nýjar vonir. Ætla má, að í félagi friðelskandi þjóða sé að því nokkur styrkur að hafa aldrei borið vopnaáðra og þannig lengst allra þjóða játað hugsjón friðarins hollustu í verki. Þá gefur það og orðum okkar aukin þunga, að enda þótt okkur sé í mörgum eignum ábótavant, standa Íslendingar um annað engum að baki. Það er mikið afrek að, minnsta þjóð heimsins skuli

hafa komist jafnlangt í að ala upp menntað fólk og tryggja það gegn skorti. Takist okkur að rísa undir kostnaðinum við þær umbætur, sem við höfum lögfest síðustu árin, erum við í þeim efnum merk þjóð og munum með því ávinna okkur virðingu annarra.

Með þáttöku Íslendinga í starfsemi Samvinnuðu þjóðanna höfum við beint alþjóðaathygli að okkur. Við verðum vegnir og dæmdir, engu síður mannkostir okkar en mannvit. Með því er fáum mönnum og lítt reyndum mikill vandi á herðar lagður. Hógvær einurð og festa mun hæfa okkur best.

Áramótaávarp 31. desember 1946.

(Mbl. 3. janúar 1947).